

LEIKFÉLAG

HAFNARFJARÐAR



Hafnarfjörður 27 ágúst.

Ágæta Bæjarráð

Leikfélag Hafnarfjarðar hefur frá endurvakningu félagsins fyrir 30 árum fengið fjárstuðning frá Hafnarfjarðarbæ árlega.

Lengi vel var sótt um árlegan styrk beint til bæjarráðs og var hann yfirleitt svipuð upphæð og félagið fékk í styrk frá ríkinu.

Félagið hefur einnig frá upphafi verið útvegað húsnæði undir starfsemi sína.

Rétt fyrir síðustu aldamót breyttist þetta þegar gerður var menningarsamningur við Hafnarfjarðarbæ til nokkurra ára sem tryggði félagini fastan styrk árlega.

Fyrir nokkrum árum var því fyrirkomulagi hætt og félagið hefur þurft líkt og önnur félagasamtök í bænum að sækja um styrk til menningar- og ferðamálanefndar einu sinni á ári. Þetta hefur verið gert í gegnum íbúagáttina á vef Hafnarfjarðarbærjar. Þetta fyrirkomulag hefur gengið ágætlega og félagið fengið árlegan fjárstyrk.

Á þessu ári virðist sem að einhver mistök hafi átt sér í stað í umsóknarferli félagsins inn á íbúagáttinni, annaðhvort hjá þeim sem sendi inn umsóknina eða hjá tölvukerfinu og Leikfélag Hafnarfjarðar fékk engan fjárstyrk í ár.

Félagið vill því beina því til bæjarráðs að félagið fái árlegan fjárstyrk að þessu sinni og sendir með umsóknina semför forgörðum í myrkviðum íbúagáttarinnar.

Það má bæta við þá umsókn að félagið fjölgaði sýningum sínum í vor um eina þegar það sýndi Logskerann á Björtum Dögum.

Eins hafa forsendur breyst lítillega frá því að umsóknin var send inn en félagið ætlar þó að halda úti öflugri starfsemi í vetrur.

Síðustu ár hefur félagið fengið að jafnaði 500.000 til 800.000 krónur í styrk árlega og fer félagið fram á að fá svipaðan stuðning að þessu sinni.

Með bestu kveðju

Stjórn Leikfélags Hafnarfjarðar

	Hafnarfjarðarbær
Innök:	12.9.2013
Málsnr.:	1309299
Bréfajl:	263